

Samkvæmt þessari niðurstöðu, ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er hæfilegur ákveðst kr. 1.500.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ólafur B. Jónasson, greiði stefnanda, Erlingi Ólafssyni, kr. 4.927.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1964.

Nr. 150/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Barry William Green**

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

#### Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línal.

Fiskveiðibrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt eftirtalda staði togara ákærða 5. júní 1963, og reyndust þeir vera fyrir innan 6 sm fiskveiðimörkin, svo sem hér segir:

Kl. 1308 um 2.5—2.6 sm,  
— 1315 — 2.0—2.1 —  
— 1321 — 1.9 sm,  
— 1330 — 0.9 —

Staður varðskipsins og togarans kl. 1349 reyndist sam-

kvæmt mörkun skólastjórans vera um 1.3 sm utan 6 sm fiskveiðimarkanna.

Ákærði lýsti því fyrir skipherra varðskipsins, 1. stýrimanni varðskipsins og sjómælingamanni á varðskipinu, að hann hefði tekið inn botnvörpuna kl. 1315. Síðar vildi ákærði ganga frá yfirlýsingunni. Skipherrann kveðst hafa greint skýrt gegnum sjónauka, að vörpupokinn var dreginn inn í togarann kl. 1322. Þá bera 3. stýrimaður varðskipsins, háseti á því og nefndur sjómælingamaður, að þeir hafi gegnum sjónauka séð vörpupokann dreginn upp. Enn bera 1. og 2. stýrimaður varðskipsins og hásetar, sem fóru yfir í togarann, að veiðarfæri hans hafi verið rennbaut og ýsa á þilfari með lífsmarki. Samkvæmt framburði vélstjórans á togaranum hafði togarinn haft til umráða 10 mínútur, frá því botnvarpa hans festist í botni og til þess tíma, er fyrsta mæling varðskipsins var gerð. Bendir þessi skýrsla til, að varpan hafi festst í botni innan 6 sm fiskveiðimarkanna, þar sem með ólíkindum er, að togarinn hafi siglt 2.5—2.6 sm inn fyrir fiskveiðimörkin á þessum 10 mínútum.

Með skirskotun til framanskráðra athugana, verður að telja sannað, að ákærði hafi hinn 5. júní 1963 gerzt sekur um botnvörpuveiðar innan 6 sm fiskveiðimarkanna, og ber að refsa honum samkvæmt lagaboðum þeim, er í ákæru greinir, enda stendur tímaákvörðun ákærunnar þessari niðurstöðu eigi í vegi, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að 1951.09 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 260.000.00 sekt til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

## Dómsorð:

Ákærði, Barry William Green, greiði kr. 260.000.00 sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 8. júní 1963.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni í dag, á hendur ákærða, Barry William Green, til heimilis að 28 Cambridge Road, Grimsby, Englandi, skipstjóra á brezka togaranum Northern Sky, GY 427, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 frá 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18 maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara í Lónsbugt miðvikudaginn 5. júní 1963 á tímabilinu kl. 1230 til kl. 1305 innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961, og innan við svæði það milli sex og tólf sjómílna fiskveiðilögsögu, sem um ræðir í 3. gr. (IV) í auglýsingu nr. 4 11. marz 1961 sbr. 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961. Til vara ákærist nefndur skipstjóri fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra togarans á framangreindum stað og tíma samkvæmt 4. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. nefnd lög nr. 44/1948 og 2. gr. nefndra laga nr. 5/1920 sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 6/1959. Ákærist því nefndur Barry William Green til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn frem-

ur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, samkvæmt gefnum skýrslum fæddur í Grimsby hinn 21/5 1936, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt kæru eða refsingu hér á landi.

Málavextir eru þeir, samkvæmt skýrslu skipherrans á v/s Óðni, dags. 5. júní 1963, að þann dag tók varðskipið brezka togarann Northern Sky, GY 427, skipstjóri Barry William Green, að ólöglegum veiðum í Lónsbugt, og eru nánari atvik sem hér segir, samkvæmt skýrslu skipherra.

Kl. 1305 hinn 5. júní 1963, er skipið var statt við sjómælingar út af Hvítungum, sást togari innan línu í Lónsbugt, og stefndi hann út frá landi.

Kl. 1308 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

|               |          |
|---------------|----------|
| Klifatindur   | > 21°38' |
| Hvalsnesviti  | > 82°31' |
| Búlandstindur |          |

Skipið r/v 225°5, fjarlægð 9.95 sjómílar.

Þetta gefur stað togarans um 2.5 sjómílar innan 6 sjómílna markanna.

Kl. 1314 sett upp stöðvunarmerki (K).

Kl. 1315 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

|               |          |
|---------------|----------|
| Klifatindur   | > 36°47' |
| Hvalsnesviti  | > 69°14' |
| Búlandstindur |          |

Skipið réttvísandi 223°, fjarlægð 8.0 sjómílar.

Þetta gefur stað togarans um 2.0 sjómílar innan sex sjómílna markanna.

Kl. 1316 sést, að togarinn beygir upp að landinu til stjórnbörða.

Kl. 1321 er gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

|               |          |
|---------------|----------|
| Klifatindur   | > 57°45' |
| Hvalsnesviti  | > 48°28' |
| Búlandstindur |          |

Skipið réttvísandi 223°, fjarlægð 6.2 sjómílar.

Þetta gefur stað togarans um 1.95 sjómílar innan sex sjómílna markanna.

Kl. 1322 sést, að togarinn hífir pokann inn fyrir. Kl. 1323 sést,

að togarinn snýr til bakborða og heldur út frá landi með fullri ferð, og sást þá mikið fuglager í kringum togarann.

Kl. 1328 sent stöðvunarmerki með ljósmorsi.

Kl. 1330 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

|               |          |
|---------------|----------|
| Klifatindur   | > 80°25' |
| Hvalsnesviti  | > 22°37' |
| Búlandstindur |          |

Skipið réttvísandi 215°, fjarlægð 3.9 sjómílar.

Þetta gefur stað togarans um 0.8 sjómílar innan sex sjómílna markanna.

Kl. 1330 laust skot.

Kl. 1334 sést, að menn um borð í togaranum eru að vinna við vörpuna, og sást, að híft var upp net í formastur togarans.

Kl. 1335 laust skot.

Kl. 1337 gefið stöðvunarmerki með skipsflautu.

Kl. 1340 laust skot og stöðvunarmerki með skipsflautu.

Kl. 1341 virðist togarinn vera að stöðva.

Kl. 1346 komið að togaranum Northern Sky, GY 427, veiðarfæri voru öll innbyrðis og menn að vinna við þau á þilfari.

Kl. 1349 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið togarans:

Hvalsnes, fjarlægð 10.0 sjómílar.

Stokksnes, fjarlægð 12.1 sjómíla.

Dýpi 142 metrar.

Þetta gefur stað togarans um 1.3 sjómílar utan 6 sjómílna markanna. Kl. 1350 settur út bátur, og fóru fyrsti og annar stýrimaður skipsins ásamt þremur hásetum um borð í togarann. Þegar um borð í togarann kom, sást, að menn voru að vinnu við vörpuna, og var hún blaut. Einnig var ýsa í netinu, nýveidd, að því er virtist. Þá benti 1. stýrimaður varðskipsins togaraskipstjóranum á, að sjór læki af báðum vírtromlum togarans, en skipstjóri togarans kvað það geta stafað frá sjóslöngunni (donkey pump). Kl. 1358 kom 1. stýrimaður varðskipsins með togarskipstjóranum yfir í varðskipið til viðræðna við skipherra þess, en hinir varðskipsmenn urðu eftir um borð í togaranum. Togarskipstjórinn kvaðst ekki hafa verið að toga á fyrrgreindum stað. Er hann var spurður, hvenær hann hefði síðast híft vörpu sína úr sjó, svaraði hann því, að það hefði verið kl. 1315 G.m.t. Honum var bent á, að sést hefði frá varðskipinu, er hann hífði upp vörpupokann. Hann svaraði því til, að hann hefði verið undir

sól að sjá frá varðskipinu, og mundi þess vegna ekki hafa verið möguleiki til að sjá það frá varðskipinu. Honum var bent á, að mörg vitni hefðu séð þetta, en hann neitaði eftir sem áður að hafa verið að veiðum.

Það skal tekið fram, að um það leyti sem togarinn sást taka inn pokann, miðaðist togarinn réttvísandi  $223^\circ$ , en rétt miðun sólarinnar var þá  $188^\circ$  samkvæmt azimuttöflu. Skömmu eftir töku togarans var sperryáttaviti og radar athugaðir með C.C.U. (Chart Comparison Unit), og reyndust þeir réttir. Fyrir hverja radarmælingu voru lausu og föstu fjarlægðarhringir ratsjárinnar bornir saman, reyndist lausi fjarlægðarhringurinn sýna 0.1 sjómílu of mikið, og var það leiðrétt, er mæling var gerð. Athuganir voru gerðar með sextant, ratsjá og gíró-áttavita, og athuguðu þeir, sem mælingu gerðu með sextöntum, aflestur hvor hjá öðrum. Allar mælingar voru gerðar undir umsjá skipherra.

Togaraskipstjóranum var tilkynnt, að farið yrði með hann til íslenzkrar hafnar til rannsóknar í máli hans. Samþykkti hann það, en óskaði jafnframt eftir því, að farið yrði til Eskifjarðar. Kl. 1410 var skipstjórinn fluttur um borð í togarann og einn af þremur hásetum varðsupsins, sem um borð í togaranum voru, fluttur yfir í varðskipið.

Kl. 1420 var haldið af stað til Eskifjarðar. Kl. 2020 var komið til Eskifjarðar.

Veður var A1, samsvarandi sjór, léttskýjað, skyggni gott.

Fyrir dóminum hafa vitnin skipherra, 1., 2. og 3. stýrimaður v/s Óðins staðfest skýrslu skipherra, svo og hafa vitnin Árni Valdimarsson og Róbert Dan Jensson sjómælingamenn, Andrés Bertelsen, Guðmundur Hallvarðsson og Sigurður Bergmann, hásetar á v/s Óðni, borið um og staðfest einstök atriði, sem skýrslan fjallar um.

Vitnið Þórarinn Björnsson, skipherra á v/s Óðni, skýrir svo frá, að varðskipið lá við eyjuna Vigur aðfaranótt 5. júní, og eftir kl. 8 f. h. var höfð stöðug gát á togaranum, sem reyndist vera Northern Sky, GY 427, en hann var eini togarinn, sem sást um þetta leyti. Togarinn togaði þá stöðugt meðfram 6 sjómílna takmarkalínunni, en hélt sig þó utan við, á meðan varðskipsmenn sáu til hans. Um eða rétt fyrir hádegi hélt varðskipið austur fyrir Papey til sjómælinga, og hvarf þá togarinn úr augsyn um stund. Á austurleið sigldi varðskipið á 15 mílna ferð og sneri við, þegar varðskipið var beint út af Papey, og sigldi með sömu ferð til baka einni mílu dýpra. Síðan voru at-

vik, eins og í skýrslu skipherra greinir. Vitnið getur þess, að hann sá sjálfur í sjónauka, þegar togarinn sneri á bakborða og hélt út frá landi með fullri ferð, og tók sérstaklega eftir, að mikið fuglager var í kringum togarann. Einnig sá vitnið sjálft og á sama hátt, þegar vörpupokinn var tekinn inn í togarann kl. 1322. Loks getur vitnið þess, að hann heyrði sjálfur skipstjóra togarans skýra frá því, að hann hefði síðast híft inn vörpuna kl. 1315 G.m.t., enda skýrði togaraskipstjórinn skipherranum sjálfur frá því, aðspurður af honum. Vitnið segir skilyrði hafa verið, eins og bezt varð á kosið, til þess að athuga með sjónauka, hvað fram fór um borð í togaranum, og var langt frá því, að sólskin truflaði það, enda sólarstefna 35° suðaustan við stefnu á togarann. Vitnið segir enn fremur, að eftir að komið var að togaranum, hefði hvorki skipstjóri hans né skipshöfn sýnt nokkurn mótþróa. Togaraskipstjóranum voru sýndar mælingar varðskipsmanna, og gerði hann engar athugasemdir við þær.

Vitnið Bjarni Ólafur Helgason 1. stýrimaður skýrir m. a. svo frá, að hann hafi farið um borð í togarann ásamt 2. stýrimanni og þremur hásetum. Þegar um borð í togarann kom, sá hann menn að vinnu við netjabætingar á þilfari. Glaðasólskin var og mikill hiti, en veiðarfærin voru greinilega rennandi blaut, eins og þau væru nýdregin úr sjó. Sjór lak úr báðum „víratromlum“ í dropatali, og var spilgrindin greinilega blaut. Rétt aftan við brúarhornið sá vitnið ýsu í netinu, og virtist hún vera alveg nýveidd, enda glansandi, en í sólskinu, slíku sem þarna var, fer glansinn mjög fljótt af að sögn vitnisins. Enn fremur staðfesti vitnið, að hann setti staðarákvarðanir út í framlagt sjókort undir umsjón skipherra.

Vitnið Jón Þór Karlsson, 2. stýrimaður á v/s Óðni, skýrir svo frá, að það fór ásamt 1. stýrimanni og þremur hásetum um borð í togarann. Sá vitnið, að verið var að vinna við bætingu á netinu, sem var blautt. Voru vírar frá togspilinu í gálgana blautir, og var bleyta undir togspilinu og á þilfari. Vitnið sá eina ýsu, sem lá inni í netinu, með lífsmarki. Markaði vitnið það af, að kippir voru í ýsunni, og var hún ferskleg að sjá. Skipstjóri og skipshöfn togarans sýndu fulla kurteisi og engan mótþróa, eftir að komið var um borð í togarann. Vitnið var ásamt 2 hásetum af v/s Óðni um borð í togaranum á leið til Eskifjarðar, og bar ekkert sérstakt til tíðinda. Vitnið tók ekki þátt í staðarákvörðun, sem gerð var við hlið togarans kl. 1349. Aðspurtt skýrir vitnið frá, að hann hafi ásamt Pálma Ingólfssyni, loftskeytamanni varð-

skipsins, gert samanburð á föstu og lausu hringum ratsjárinnar, og hafi vitnið leiðrétt mælingar í samræmi við það.

Vitnið Kristinn Jóhann Árnason, 3. stýrimaður á v/s Óðni, skýrir svo frá, að hann fylgdist með ferðum togarans og gerðum skipverja hans í sjónauka, milli þess að hann gerði sextantmælingar. Sá hann, að net var hið upp í gils eða bómu á formastri togarans og látið síga niður á þilfarið. Álitur vitnið, að verið hafi verið að innbyrða pokann, en vitnið hefur verið starfandi togarasjómaður. Gerðist þetta, áður en sextantmælingunum lauk. Rétt á eftir sneri togarinn frá landi, og sást þá fuglager í kringum togarann, og telur vitnið það bera vott um, að æti frá togaranum hafi verið í sjónum. Réttargæzlumaður kærða óskaði eftir, að eftirfarandi spurning yrði lögð fyrir vitnið: „Getur vitnið fullyrt, að það hafi verið pokinn, sem hífður var upp?“ Vitnið svaraði þessu neitandi og vísar jafnframt til framan-skráðs framburðar síns. Vitnið skýrir enn fremur svo frá að spurt, að togarinn hafi alls ekki verið undir sól að sjá frá varðskipinu, en bjart hafi verið og skyggni gott, svo að tiltölulega auðvelt var að fylgjast með því, sem gerðist um borð í togaranum, eftir því sem sjónaukafæri leyfði.

Vitnið Árni E. Valdimarsson sjómælingamaður segir m. a., að eftir að togarinn fór að sigla út frá landinu, sá hann greinilega net hið upp af framþilfari togarans. Gerðist það, áður en vitnið fór að byssu varðskipsins.

Vitnið Andrés Bertelsen, háseti á v/s Óðni, skýrir svo frá um töku togarans „Northern Sky“, að hann hafi séð pokan tekinn inn á togaranum. Gerðist það, áður en farið var að skjóta að honum, en eftir að aðgerðir til togaratökunnar hófust. Vitnið kveðst hafa séð þetta í einum af sjónaukum varðskipsins, og sá vitnið, þegar pokann bar upp fyrir lunninguna. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort pokinn kom upp úr sjónum eða af þilfari. Hékk pokinn nokkra stund í gilsinum, og sá vitnið, að hann var kúlumyndaður, og tekur sérstaklega fram, að það er „fullvisst“ um hið síðastnefnda, og kveðst hafa séð það greinilega í sjónauka.

Vitnið Guðmundur Hallvarðsson, háseti á v/s Óðni, skýrir svo frá m. a., að hann hafi verið einn þeirra háseta, sem fóru um borð í togarann, er hann var tekinn. Kveðst hann hafa gengið fram eftir togarapilfarinu, er hann kom um borð ásamt 2. stýrimanni varðskipsins. Vitnið kvaðst hafa þreifað á togvírurum, er lágu fram eftir þilfarinu bakborðsmegin, og voru þeir greinilega



sjóblautir. Sá vitnið sjó leka úr vírunum á báðum tromlum togspilsins. Var blautt þílfarið stjórnbörðsmegin, en bakborðsmegin þurr, nema að því leyti sem lekið hafði úr vírunum. Þegar vitnið síðar hélt aftur eftir skipinu, kom hann auga á ýsu inni í neti á þílfari stjórnbörðsmegin á móts við togspilið. Var ýsan með lífsmarki, og markaði vitnið það af því, að uggar hennar hreyfðust og munnur hennar opnaðist öðru hvoru á sama hátt og fisks, sem er að kafna. Eftir að vitnið kom upp á brúarvæng, leit það niður og sá, að bobbingar voru blautir, þar sem sól hafði ekki náð að skína á þá. Þeir, sem í sól voru, voru hins vegar þurrir að sjá. Ekki kveðst vitnið treysta sér til að bera um, hvort bobbingar hafi verið ryðgaðir. Hlerum veitti vitnið ekki sérstaka athygli.

Vitnið Sigurður Bergmann, háseti á v/s Óðni, skýrir svo frá, að hann hafi verið einn af þremur hásetum, sem fóru um borð í „Northern Sky“. Verkefni hans var að standa vörð í ganginum stjórnbörðsmegin og gæta fangalínu gúmbátsins frá varðskipinu. Vitnið kveðst hafa séð bobbingana á togaranum í ganginum og fram eftir. Tók hann eftir, að bobbingar voru blautir, nema þrír öftustu bobbingarnir, sem sól skein á. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir ryði á bobbingunum. Aðspurður kveðst hann ekki hafa séð marggreinda ýsu sjálfur, nema álangdar, en heyrt samskipsmenn sína segja við tökuna um borð í togaranum, að hún væri lifandi. Virtist vitninu, er hann sá ýsuna í höndum félaga sinna, að hún vera gljáandi. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð dauðan fisk á floti í kringum togarann.

Bjarni Ólafur Helgason, 1. stýrimaður á v/s Óðni, kom aftur fyrir dóminn og skýrir þá m. a. svo frá, að á leiðinni frá stjórnpalli togarans, um það bil sem þeir voru að fara frá borði eftir viðræður þeirra um hina blautu togvíra og lifandi ýsu, sbr. fyrri framburð vitnisins, benti ákærði vitninu á bobbinga togarans. Kveður vitnið greinilegt, að bobbingarnir voru fægðir, en hins vegar var aðeins farin að myndast smávægileg ryðmyndun, þar sem sólin skein á þá. Bobbingar þeir, sem vitnið skoðaði, voru á móts við spilgrindina eða um „forkvart“ vörpunnar. Af fyrri reynslu veit vitnið af eigin raun, að mjög fljótt fellur á bobbinga, sérstaklega í glaðasólskini, eins og þarna var um að ræða. En vitnið er reyndur togarasjómaður. Fellur á bobbinga a.m.k. innan klukkutíma, að álitu vitnisins.

Vitnið Albert Hollington, 1. stýrimaður á brezka togaranum „Northern Sky“, GY 427, skýrir svo frá, er hann var spurður

að fyrir dóminum, hvenær varpa togarans hefði síðast verið dregin úr sjó: Hann hafi verið að borða og fann þá, að skipið festist. Hann heyrði, að vélsíminn hringdi, og fór þá upp á þilfar, án þess að ljúka snæðingi. Hann kveðst ekki geta sagt nákvæmlega um tímann, en það gæti hafa gerzt kl. kortér fyrir eitt, tuttugu mínútum fyrir eða tíu mínútum fyrir, en þó sennilegast kortéri fyrir. Vitnið kveðst ekki geta upplýst um stöðu skipsins þá. Hann hefði verið í brúnni frá kl. 12 — hálf eitt. Honum hefði verið sagt að halda kompásstefnu VSV. Aðspurt segir vitnið, að togarinn hafi verið að toga þenna hálf tíma, sem hann var á vakt. Vitnið er spurt, hvort hann viti til, að skipstjóri hafi gert staðarákvörðun, á meðan vitnið dvaldi á stjórn-palli frá kl. 12 til hálf eitt. Segir vitnið, að skipstjórinn hafi komið upp tuttugu mínútur yfir tólf, og þeir hafi farið að rabba saman, og vitnið hafi sagt við skipstjórann, að nú væru þeir búnir að missa sjónar af v/s Óðni í 14 mílna fjarlægð, en hann kveður skipstjórann aldrei hafa litið í ratsjána. Samkvæmt ósk réttargæzlumanns kærða var vitnið spurt, hvort mögulegt væri, að skipstjóri hafi litið í ratsjána án þess að vitnið tæki eftir. Svaraði vitnið, að hann gæti hafa gert það, en hann sá hann ekki gera það. Vitnið segir, að ekki hafi tekið mjög langan tíma að losa vörpuna úr botni eftir festuna og ná henni inn fyrir, enda festan verið smávægileg og stuttir vírar úti og enginn fiskur í vörpunni. Aðspurt segir vitnið, að veiðarfæri hafi strax verið tekin inn og byrjað að „stíma“. Hlerar voru teknir inn. Þegar vitnið er spurt, hvers vegna hlerarnir hafi verið teknir inn í sléttum sjó, segir það, að þeir hafi ætlað í langt „stím“, og það sé þá regla á brezkum togurum að taka hlerana inn.

Vitnið Robert Walter Winter, bátsmaður á brezka togaranum „Northern Sky“, GY 427, er spurt, hvort það viti, hvenær varpa togarans hafi verið síðast dregin inn. Hann kveðst ekki geta sagt nákvæmlega um, hvað klukkan var. Hann hafi verið búinn að ljúka snæðingi, og hann sé fljótur að borða, og fór hann þá upp á þilfar og á vakt, sem hefst klukkan hálf eitt. Þegar varpan festist í botni, fór hann að togspilinu og gerði eðlilegar ráðstafanir vegna festunnar, en stuttu síðar kom 1. stýrimaður og leysti hann af. Vitnið álitur það taka 15—20 mínútur að taka inn öll veiðarfæri. Segir vitnið, að allt hafi verið tekið inn, þ. á m. hlerar, eftir að losað hefði verið eftir festuna. Togaramenn hafi híft pokann upp í gils þegar í stað, ekkert hafi verið í honum og hann því þegar látinn falla niður. Vitnið segir það reglu

að taka hlera inn, þegar ætlunin sé að fara í langt „stím“, og vegna þess að hlerar voru teknir inn í þetta skipti, ályktar vitnið, að þeir hafi ætlað í langt „stím“ í þetta sinn. Eftir að veiðarfæri höfðu verið tekin inn eftir festuna, fór hann að gera við netið. Ekki kveðst hann hafa orðið var við, að skipið væri stanzað, eftir að farið var að „stíma“, unz togarinn var stöðvaður af varðskipinu.

Vitnið Arthur Henry Brown, yfirvélstjóri á brezka togaranum „Northern Sky“, GY 427, skýrir svo frá, að hann haldi vélagagbók. Segist hann ekki skrá skipanir, er hann fær í gegnum vélsíma, en hins vegar, hversu margar stundir daglega þeir fiski, „stími“ eða liggi um kyrrt. Þegar vitnið var spurt, hvort hann muni, hvað gerðist frá kl. 12 til kl. 2 hinn 5. júní, segist hann hafa farið á vakt kl. hálf eitt, og u.þ.b. tuttugu mínútum fyrir eitt hafi þeir fest vörpuna í botni, síðan híft, og u.þ.b. stundarfjórðungi fyrir eitt byrjuðu þeir að stíma. Aðspurt segir vitnið, að togarinn hafi stanzað u.þ.b. 5 mínútum fyrir eitt. Vitnið kveðst vita með vissu, að aftur var sett á fulla ferð kortér yfir eitt. Næst hafi skipið stanzað, er v/s Óðinn kom að þeim, en vitnið kveðst ekki vita nákvæmlega, hvenær það var, en gæti e.t.v. hafa verið nálægt stundarfjórðungi fyrir tvö.

Allir vitnisburðir voru staðfestir með eiði. Ákærði neitar að hafa verið að togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hann skýrir svo frá fyrir dóminum um ferðir skips síns í veiðiferð þessari og sérstaklega eftir kl. 0800 s.l. miðvikudag 5. júní 1963, að hann hafi verið að veiðum 3 til 4 tíundu hluta (3–4/10) úr mílu utan fiskveiðimarkanna og stundum aðeins utar, á svæðinu milli Eystra- og Vestra-Horns. Veiði var ekki mikil. Þeir héldu áfram til kl. 1230—1300 G.m.t., en þá festist varpan í botni mjög nálægt kl. 1245, og hífðu þeir hana upp, og var enginn fiskur í henni, og ákvað hann þá að halda í átt að Stokksnesi. Eftir fáeinar mínútur skipti hann um skoðun og hélt í átt til Papeyjar. Þá ákvað hann að stanza og bíða eftir aflaskýrslu (kvóta) frá öðrum brezkum togurum, sem voru að veiðum lengra úti, en hún átti að koma kl. 1315. Nokkru síðar heldur hann áfram ferð sinni í suð-suðausturátt. Hann hvarf úr brúnni niður á þilfar til að athuga, hvernig gengi með að bæta netið, síðan til loftskýtamannsins til að gæta að, hvort aflaskýrslan væri komin. Síðan fer ákærði aftur upp í brú, og kom þá maður af þilfari hlaupandi upp í brú og sagði, að verið væri að skjóta. Þá stöðvaði ákærði togarann. Aðspurður um, hvað ákærði hefði

vitað um ferðir varðskipsins þanna dag, kveðst ákærði hafa fylgzt með ferðum þess s.l. 18 klukkustundir, áður en hann var tekinn, að fráskildum einum stundarfjórðungi, en þó kveðst hann hafa séð ógreinilega til skipsins í ratsjónni þann stundarfjórðung, sem var u.þ.b. kl. 1220. Hann áleit þá, að varðskipið hefði verið um 5 mílur frá Papey, en eyna sá hann þó ekki. Ákærði kveðst hafa lagt úr höfn í Grimsby 30. maí 1963 og hafið fiskveiðar á sunnudagsmorgun 2. júní s.l. á djúpmiðum út af Hvalbak, og hefði engan afla fengið úr 2—3 togum, svo að hann hélt til Lónsbugtarsvæðis og var þar að togveiðum síðan. Var afli orðinn um 300 kítt, er hann var tekinn, að helmingi ýsa, en annars þorskur. Ákærða er sýnt sjókort á dskj. 2. Kveðst ákærði ekki geta mótmælt staðarákvörðunum þeim, sem færðar eru inn á kortið, né tímasetningu, en tekur fram, að síðustu staðarákvörðun beri saman við sínar mælingar. Er ákærði er spurður, hvort hann hafi gert staðarákvörðun, þegar varpan festist í botni, svaraði hann neitandi. Hann kveðst vera vanur að gera staðarákvarðanir öðru hverju, venjulega með h.u.b. 15 mínútna fresti, og enn oftár, jafnvel með 5 mínútna fresti, þegar varðskip eru í nánd. Hann kveðst álíta togarann hafa verið fyrir utan fiskveiðitakmörkin, þegar varpan festist, en getur ekki sagt til um, hversu langt utan markanna.

Ákærði kveður festuna ekki hafa verið stórvægilega, enda hafi hann ekki bókað hana hjá sér.

Ákærði gerir m. a. þessar athugasemdir við skýrslu landhelgisgæzlunnar: Að ekki skyldi tekið fram í skýrslu skipherrans, að ákærði benti 1. stýrimanni varðskipsins á, að bobbingar og hlerar voru ryðgaðir, er 1. stýrimaður kom um borð í togarann, en stýrimaður hafi engu svarað. Ákærði gerir ráð fyrir, að varðskipið hafi verið á fullri ferð, er það stefndi að sér, og spyr, hvernig varðskipsmenn geti, þegar varðskipið heldur á móti fullri sól, séð, hvort verið sé að hala poka inn eða hífa hann til. Tekur ákærði fram, að nálega 5 sekúndur taki að hífa inn pokann. Enn spyr ákærði, hvers vegna varðskipsmenn hafi ekki fært staðarákvarðanir togarans inn á kortið fyrr, þar sem hann segist þess fullviss, að varðskipsmenn hafi fylgzt með honum í 18 stundir, á sama hátt og hann fylgdist með ferðum varðskipsins. Dómurinn skýrði ákærða frá, að varðskipið hafi verið að sjómælingum, og m. a. 4 yfirmenn skipsins þurfi að sinna þeim störfum.

Auk þess kom þetta fram m. a. í framburði ákærða: Þegar

ákærði kom um borð í varðskipið, kveðst hann hafa svarað spurningu um, hvenær hann hafi síðast tekið inn vörpu sína, á þá leið, að það hafi verið milli kl. 1300 og 1315. Nú tekur hann fram, að svo geti ekki hafa verið. Gizkar hann á, að það muni hafa verið fyrr. Kveðst ákærði hafa haft um annað að hugsa en klukkuna, þegar hann tók vörpuna inn. Hugur hans hafi allur beint að fiskveiðunum, og síðar hafi hann fengið áhyggjur af, hvað Óðinn vildi sér, og því ekki sinnt að gæta að, hvað klukkunni liði. Í tilefni af þessum athugasemdum spurði dómurinn, hve langur tími hafi liðið frá því, að botnvarpan festist, og þangað til hún var komin um borð, og svarar kærði því til, að það muni hafa verið á að gizka 10—15 mínútur. Ákærði er spurður, hvort hann hafi verið að yfirhala veiðarfæri togarans á þeim tíma, sem staðarákvarðanir varðskipsins nr. 1—4 voru gerðar. Viðurkennir ákærði, að svo hafi verið, en kveðst ekki geta neitað, að mælingarnar séu réttar, og ekki heldur samþykkt það, þar sem hann gerði ekki staðarákvarðanir sjálfur. Ákærða er ljóst, að lögbrot er að vinna að veiðarfærum innan fiskveiðimarkanna. Aðspurður segist ákærði ekki hafa látið viljandi vinna að veiðarfærum togarans innan markanna, en vanrækt að gera staðarákvarðanir. Síðast hafi fiskur verið látinn í lestina kl. 1230 5. júní 1963. Sá afli var innbyrtur kl. 1130 sama dag og var u.þ.b. 25 körfur, svo til allt ýsa. Síðan hafi verið kastað u.þ.b. kl. 1145 og togað um klukku tíma, unz varpan festist í botni. Kveðst ákærði þess fullviss, að aðeins 2—3 fiskar hafi verið í vörpunni. Daginn áður kveður hann þá hafa fengið 2—3 körfur eftir þriggja tíma tog.

Ákærði er spurður, hvort hann hafi verið algerlega fullviss um, að hann hafi verið utan fiskveiðitakmarkanna, þegar botnvarpan festist. Ákærði segist hafa verið eins viss um það og hann mögulega getið verið, og gat hann þess, að Óðinn hafi farið framhjá þeim u.þ.b. kl. 1000 um morguninn, og ekkert skipt sér af honum, en þá hafi hann togað nákvæmlega sömu rútu („stretch“). Ákærði kveðst hafa tekið síðustu staðarákvörðun, áður en hann festist, u.þ.b. 20 mínútur yfir 1200, og kveður hann sig þá hafa verið 8.4 sjómílar frá Eystra-Horni (Hvalsnesvita) og 12.2 sjómílar frá norðausturhorni Brimness á Vestra-Horni. Var þetta síðasta mæling, sem hann minnst að hafa tekið, áður en togarinn var tekinn af v/s Óðni. Hann kveðst ekki vita nákvæmlega um hraða togarans í síðasta togi, en venjulega sé hraðinn um 3—3½ sjómíla, og togaði hann þá

í vestlæga átt. Hámarkshraða togarans kveður ákærði vera í bezta veðri 12—12¼ sjómíla. Ákærði óskar að taka fram, að hann hafi ekki beðið HMS „Keppel“, herskip brezka flotans, sem var þarna nálægt, um aðstoð, þar sem hann taldi sig ekki þurfa á henni að halda. Aðspurður kvaðst hann hafa haft samband við herskipið, þ. e. HMS. „Keppel“, og óskað eftir því, að það héldi sig í nálægð. Ákærði kveðst aðspurður hafa látið hefja viðgerð á netinu, eftir að það hafi festst í botni, strax og híft hafði verið inn á eftir. Með vísun til framanskráðra vitnisburða og gagna telur dómurinn eftirfarandi sannað um málavexti:

Með skýrslum og staðarákvörðunum varðskipsmanna, sem ekki er mótmælt af ákærða, er sannað, að togarinn var a.m.k. 2.5 sjómíllur fyrir innan fiskveiðitakmörkin kl. 1305 nefndan dag. Ákærði viðurkennir lokamælingu varðskipsins kl. 1349 beint.

Með vætti vitna og viðurkenningu ákærða er sannað, að kl. 1305 var togarinn með veiðarfæri óbúlkuð og að skipverjar voru að vinna við viðgerð þeirra.

Með skýrslu ákærða og vætti vitna af áhöfn togarans er sannað, að togarinn var að veiðum, unz botnvarpan festist í botni, en samkvæmt skýrslu vélstjóra togarans, sem er ákærða hagstæðust af framkomnum skýrslum, var það kl. 1240. Samkvæmt skýrslu sama vitnis, sem einnig er ákærða hagstæðust að þessu leyti, tók 5 mínútur að taka veiðarfærin inn eftir festuna.

Samkvæmt skýrslu ákærða var sigling hans þannig eftir festuna, að hann ákvað að halda í átt að Stokksnesi. Eftir fáeinar mínútur skipti hann um skoðun og hélt í átt til Papeyjar. Þá ákvað hann að stanza og bíða eftir aflaskýrslu. Nokkru síðar heldur hann áfram ferð sinni, unz hann stanzaði eftir boði Óðins.

Samkvæmt skýrslu vélstjórans voru vélar stöðvaðar í ca. 20 mínútur á þessu tímabili. Þannig er sannað, að a.m.k. 15—25 mínútur fóru í hringsól og stöðvun, eftir að veiðarfærin náðust upp. Kl. 1305 sást togarinn á leið frá landi, og þremur mínútum síðar mældist hann 2.5 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærði hefur enga mælingu gefið upp á þessu tímabili, aðeins eina eftir minni, sem hann tók um það bil 20 mínútur yfir 1200 og sýndi togarann rétt utan við fiskveiðitakmörkin. Stýrimaður togarans, sem þá var í brúnni, var að rabba við ákærða, en sá ekki, að hann liti í ratsjána, þótt hann ekki neiti því, að hugsanlegt sé, að ákærði hafi litið í hana, þótt stýrimaður hafi ekki séð það. Tímaákvarðanir ákærða virðast allmjög á reiki, en öll vitni frá togaranum miða tíma festunnar við matmálstíma, og

er því hægt að treysta þeim að því leyti, sem að framan er gert.

Með vísan til framanskráðs, telur dómurinn sannað, að togarinn var innan fiskveiðitakmarkanna, er umrædd festa varð, því að útilokað er, að skipið, sem hefur 12¼ sjómílna hámarkshraða við beztu skilyrði, hafi á 5 mínútum getað komið inn fyrir stað 1 í sjókortinu, snúið þar við og verið kominn á útleið að nefndum stað, hafi það verið utan fiskveiðitakmarkanna, er festan varð.

Með vætti vitna er sannað, að a.m.k. einn fiskur (ýsa) með lífsmarki fannst í togaranum eftir kl. 1350, og auk þess viðurkenndi ákærði, að 1—2 eða 2—3 fiskar veiddust í þessu togi, sem festan varð í.

Með vísan til þessa telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um fullframið brot á þeim ákvæðum, sem talin eru í aðalkröfu ákærunnar.

Verjandi ákærða hefur lagt á það áherzlu, að varðskipsmenn hafi ekki séð til fiskveiða ákærða og að alla sönnun skorti um það atriði.

Hann krafðist sýknu hans af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara lægstu lögleyfðrar refsingar honum til handa og loks hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa eftir mati dómsins.

Með vísun til framanskráðs, er ekki unnt að taka sýknukröfu til greina. Með vísun til ákvæða þeirra, sem talin eru í ákærunni, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með tilliti til stærðar togarans, sem er 620.43 brúttólestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu kr. 250.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi átta mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Northern Sky, GY 427, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til handa skipuðum verjanda hans, Gísli G. Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 5000.00.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius sýslumaður og meðdómsmennirnir Árni Halldórsson og Vöggur Jónsson skipstjórar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Barry William Green, greiði kr. 250.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 8 mánuði

í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Northern Sky, GY 427, skulu vera upptæk til handa Landhelgisgjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1964.

Nr. 54/1963. **Samlag skreiðarframleiðenda**

(Axel Einarsson hdl.)

gegn

**Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**

(Ármann Jónsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Línal.

Tekju- og eignarskattur. Lögtak.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, settur borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1963 og krafist þess, að úrskurður fégeta verði felldur úr gildi, synjað um framkvæmd lögtaksgerðar og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í úrskurði fégeta er lýst í aðalatriðum starfsemi áfrýjanda og skipulagi. Er það með þeim hætti, að telja verður samlag þetta félag í skilningi c-liðs 3. gr. laga nr. 46/1954,